

**Nd.**

**656. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skaðabótageiðslu út af hrossakaupum landsstjórnarinnar sunnanlands.

Flutningsmaður: Gunnar Sigurðsson.

*Til þrautavara.*

Tillagan orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka verðmismun þann, sem verið hefir á hrossum norðanlands og sunnan síðastliðið ár, og að hlutast til um, að slíkur verðmismunur komi ekki fyrir eftirleiðis, og enn fremur að stjórnin sjái um, að Sunnlendingum verði að einhverju leyti bættur halli sá, er þeir hafa orðið fyrir, að minsta kosti með þeirri upphæð, er hrossa-salan á nú í sjóði.